

Hafnarfirði, 1. apríl 2022
2112176 AMT

Efni: Svör við athugasemdum vegna auglýsingu á nýju deiliskipulagi þróunarreits 27B við Hringhamar í Hamranesi.

Deiliskipulagi þróunarreits 27B við Hringhamar var auglýst í Lögbirtingablaðinu, Fréttablaðinu og á vef Hafnarfjarðar þann 25. febrúar sl. með frest til að skila inn athugasemdum til 9. mars sl.

Athugasemdir bárust frá Veitum þar sem þeir gera athugasemd við að samkvæmt nýju deiliskipulagi lenda lagnir Veitna á milli djúpgáma og bílakjallara við Hamranes 27B. Verkið er í fullum gangi og undirbúningur lagningar hitaveitu. Ekki fæst séð að hægt sé að grafa fyrir kjallara og djúpgámum þegar lagnir verða komnar á sinn stað. Ef breyta þarf hönnun mun Hafnarfjarðarbær bera kostnað sem af því hlýst.

Í kjölfar athugasemdanna var kallað til fundar með öllum veitustofnunum þar sem ljóst var að sömu vandamál mundu koma upp við aðra reiti sömu megin í götunni. Lagning veitna er ekki hafin svo ákvörðun var tekin um að endurhanna legu þeirra hinu megin götunar upp við lóð sem í rammaskipulag er ætluð undir grunnskóla.

Virðingarfyllst,

Anna Margrét Tómasdóttir
Verkefnastjóri